



Hreppsnefnd 25.08.05

Hreppsnefnd 25.08.05

Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 25. ágúst 2005
kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Dagskrá:

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Emil Sigurjónsson, Borghildur Sverrisdóttir, Bragi Vagnsson, Vigfús Davíðsson, Steindór Sveinsson og Björn Halldórsson.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 21. júní sl.
Fundargerð hreppsnefndar frá 21. júní sl., lögð fram .
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða

2. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 19. ágúst sl.
Fundargerð hafnarnefndar frá 19. ágúst sl., lögð fram.
Sveitarstjóri gerði grein fyrir tilboðum sem bárust í gerð á nýjum liðlega 100 m. löngum viðlegukannti. Kynnti hann og verksamning sem gerður hefur verið við lægstbjóðanda, Hagtak h/f. Samkvæmt honum skal verkinu lokið 31. maí 2006. All mikil umræða átti sér stað um framkvæmdina og svaraði sveitarstjóri fyrirspurnum nefndarmanna.
Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

3. mál. Fundur bygginganefndar frá 01., 07. og 22. júlí sl.
Lagðar fram fundargerðir skipulags og -bygginganefndar frá 01., 07. og 22. júlí sl. Fundargerðir nefndarinnar frá 1. og 7. júlí bornar upp og samþykktar. Þar eð fundargerð skipulags- og bygginganefndar frá 22. júlí og 4. tl. á dagskrá eru nátengd voru málin samhliða rædd.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

4. mál. HB Grandi áform um uppbyggingu, staða mála.
Lagðir fram uppdrættir er sína nýjar uppfyllingar á hafnarsvæði og hugmyndir að staðsetningu bygginga og tanka á svæðinu sem HB Grandi hyggst reisa á svæðinu. Jafnframt eru hugmyndir um svæði fyrir olíutanka en fyrir liggur beiðni Olíudreifingar um að reisa nýjan olíutank. Oddviti og sveitarstjóri gerðu grein fyrir málinu og greindu meðal annars frá fundi með forsvarsmönnum HB Granda fyrir rúmri viku síðan, þar sem fyrirtækið gerði grein fyrir áformum sínum varðandi framkvæmdirnar og hvernig þeim yrði raðað niður í tíma.

Miklar umræður urðu um málið og lýstu fundarmenn almennt yfir ánægju sinni með framvindu mála og töldu nauðsynlegt að

vinna vel með fyrirtækinu og skipuleggja svæðið sem best með tilliti til þeirra framkvæmda sem fyrirhugað er að ráðast í. Fram kom á fundinum að hugmyndir fyrirtækisins ganga út á að ljúka byggingu síldarflokkunarhúss, reisa nýja loðnuverksmiðju þegar að vori, ásamt mjölsílóum. Jafnframt eru hugmyndir um að byggja nýjar frystigeymslur, sem auka mun til muna frystirými fyrirtækisins.

5. mál. Þriggja ára áætlun Vopnafjarðarhrepps og stofnana. Þriggja ára áætlun Vopnafjarðarhrepps og stofnana fyrir árin 2006-2008, lögð fram til fyrri umræðu. Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi áætlunum og greindi frá helstu forsendum sem miðað er við við gerð rammaáætlunar sveitarfélagsins til næstu þriggja ára. Lagði hann til að fyrirbyggjandi áætlun yrði vísað til síðari umræðu. Nokkrar umræður urðu um fyrirbyggjandi gögn, var síðan tillaga sveitarstjóra samþykkt.

6. mál. Þorbrandsstaðir. Mikil umræða fór fram um jörðina að Þorbrandsstöðum en fyrir formlegan hreppsnefndarfund fór fram kynning á verkefni tengdu jörðinni. Fram kom að verðmæti liggja í henni og ljóst að mikilvægt er að sveitarstjórn gaumgæfi hvað gera á við Þorbrandsstaði. Ákveðið að taka málið aftur fyrir á fundi hreppsnefndar innan tíðar.

7. mál. Bræður og systur ehf. vegna mötuneytis grunnskóla. Lagt fram erindi Bræðra og systra ehf., þar sem fyrirtækið býðst til að sjá um matreiðslu á mat fyrir grunn- og leikskóla. Oddviti kynnti hugmyndir fyrirtækisins en síðan átti sér stað nokkur umræða um erindið. Ákveðið var að fela sveitarstjóra að skoða erindið nánar og jafnframt lagt til að það verði tekið fyrir í skólanefnd. Í framhaldi verði tekin endanleg afstaða til þess.

8. mál. Bréf félagsmálaráðuneytis, dags. 21. júní sl., vegna styrks til vinnu sameiningarnefndar. Lagt fram bréf félagsmálaráðuneytisins þar sem ráðuneytið tilkynnir um styrk til undirbúnings sameiningarkosninga sem fram eiga að fara 8. okt. n. k. Sveitarsatjóri og oddviti gerðu grein fyrir stöðu mála.

9. mál. Styrkbeiðnir. a) Umsókn um styrk til Ferðamálafélags Vopnafjarðar Lagt fram erindi Ferðamálafélagsins frá 20. júní sl. varðandi styrk. Samþykkt samhljóða að styrkja félagið að upphæð 70.000 krónur.

b) Vopn-Fiskur ehf., ósk um að Vopnafjarðarhreppur auki hlutafé sitt um 100 þús. kr. Lagt fram erindi Vopn-Fisks varðandi hlutabréfakaup. Sveitarstjóri gerði grein fyrir erindi Vopn-Fisks og lagði til að erindið yrði samþykkt. Mikil umræða átti sér stað um verkefnið. Að umræðu lokinni var samþykkt með 6 atkvæðum að auka hlutaféð um umbeðana upphæð.

10. mál. Námsvistargjöld o.fl.

Lagt fram erindi frá Lindu Ósk Sigurðardóttir.

Samþykkt að greiða námsvistargjöld fyrir son hennar í samræmi við viðmiðunarreglur sambands ísl. sveitarfélaga nemendur grunnskóla er stunda nám utan lögheimilissveitarfélags.

Lagt fram erindi frá Steingrími Páli Þórðarsyni, varðandi skólagjöld við Tónlistarskóla Akureyrar. Sveitarstjóra falið að skoða niðurgreiðslu skólagjalda í Tónlistarskóla Vopnafjarðar og miða afgreiðslu erindis Steingríms við það niðurgreiðsluhlutfall, sem þar er.

7. mál. Ýmis mál og fundargerðir.

a) Héraðsnefnd Múlasýslu, uppkast að safnvegaáætlun.

Lagt fram til kynningar

b) Kostnaðarþátttaka sveitarfélaga vegna mats á jarðgangatengingum á Austurlandi.

Vopnafjarðarhreppur samþykkir að greiða útreiknaða kostnaðarhlutdeild sína.

c) Bréf sjávarútvegsráðuneytisins varðandi byggðakvóta.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.25